



211. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn á Microsoft Teams 15.

apríl 2021 kl. 13:30

Mætt: Guðmundur Björgvin Gylfason (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Olga Lísía Garðarsdóttir, Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson.

Gestur: Björgvin E. Björgvinsson, áfangastjóri.

Dagskrá:

1. Kosning formanns nefndarinnar – Olga Lísía, skólameistari.

Nefndarmenn byrjuðu á því að kynna sig stuttlega, sinn bakgrunn og tengingar við skólann. Olga Lísía fór yfir fyrsta verkefni nýrrar skólanefndar sem er að kjósa sér nýjan formann og varaformann. Niðurstaðan var sú að Jóhanna Ýr verður formaður skólanefndar og Jón varaformaður.

2. Tölfræði vorannar - nemendatölur. – Björgvin, áfangastjóri.

Björgvin fór yfir helstu tölur vorannar 2021. 775 nemendur voru skráðir í nám í dagskóla í byrjun annarinnar. Opin lína stúdentsbrautar er langfjölmennasta stúdentsbrautin. 190 nemendur eru á iðnbrautum, 57 á starfsnámsbrautum, 479 á bóknámsbrautum og 49 á sérnámsbraut. Þá fór áfangastjóri einnig yfir ýmis atriði sem tengjast námsframboði skólans.

3. Spurt og svarað um ýmsa þætti skólastarfsins - umræður

Spurt var um möguleika þess að bæta við brautum í starfsnámi, s.s. í pípulögnum. Því var til svarað að þá þyrfti að stækka húsnæði skólans til að koma því fyrir. Þó tekið fram að það væri æskilegt að geta boðið upp á fleiri brautir í verknámi við skólann. Uppbygging Tækniskólans á höfuðborgarsvæðinu mun einnig hafa áhrif. Ný reglugerð um starfsnám þýðir að skólinn ber nú ábyrgð á vinnustaðanámi nemenda og gæti það haft þær afleiðingar að stjórna þurfi aðgangi að náminu.

Spurt var um tilfærslu garðyrkjunámsins á Reykjum til FSu. Olga fór yfir aðdragandann og lýsti stuttlega stöðunni í þeirri vinnu sem er í gangi og hvaða verkefni þarf að leysa þar.

Spurt um rekstur skólans og rekstur garðyrkjunámsins á Reykjum. Áhyggjum lýst yfir því að garðyrkjunámið geti orðið dragbítur á rekstur FSu, sérstaklega á meðan rekstur garðyrkjunámsins og húsnæði er ekki tryggt til frambúðar.



Spurt var um framtíð sjúkraliðabrautarinnar. Áhyggjum lýst af stöðu hennar og framtíð við skólann. Hvatt til þess að kynna brautina í nærumhverfinu og leita að fleiri umsækjendum.

Fimmtán umsóknir hafa borist um nám á brautinni í haust.

Rætt um brotthvarf úr námi á Covid tímanum. Nemendum hefur ekki fækkað mikið í vetur, a.m.k. ekki umfram það sem eðlilegt getur talist. Ýmsar ástæður fyrir því. Nemendur hafa staðið sig ótrúlega vel í því að fylgja þeim reglum sem hafa gilt.

Spurt um heimavist skólans og framtíðarsýn varðandi hana, sérstaklega í ljósi lítillar nýtingar til þessa. Olga fór yfir söguna í heimavistarmálum skólans. Heimavistin áður rekin með miklum halla og var því lokað. Covid hefur vafalaust haft áhrif á litla nýtingu heimavistar hingað til – talsvert hefur þó verið spurt um þetta úrræði fyrir haustið, en núverandi samningur við ráðuneytið lýkur um áramótin næstu.

Spurt um litla aðsókn stúlkna í starfsnám. Starfsnámsskólar landsins hafa undanfarið gert átak með það að markmiði að fleiri stúlkur innriti sig á þessar námsbrautir.

4. Heimasíða FSu – umræður

Umræðum frestað til næsta fundar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 30. apríl kl. 11:00

Fundi slitið kl. 14:40

Fundarritari,

Sigursveinn Sigurðsson